

Til nefndasvið Alþingis

Frá Samtökum fjárfesta

Varðar:

139.löggjafarþing 2010–2011. Þskj. 114 — 106. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um óháðan og gagnsæjan uppboðsmarkað fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar.

Samtökum fjárfesta hefur borist umsagnarbeiðni vegna ofangreinds erindis.

Sala á eignum og fyrirtækum, sem fjármálastofnanir eignast vegna fullnustu er því miður flóknara ferli en svo að uppboð á eignum tryggi hæsta verð fyrir eigendur hinnar fullnustuðu eigna eða „rétt og eðlilegt“ verð fyrir kaupendur, sem einnig hlýtur að verða markmið, til að eignirnar lendi ekki aftur í ógögnum.

Uppboðsmarkaður á Íslandi er ekki til. Uppboð á fasteignum er nánast alltaf til að rjúfa veðaröð á yfirveðsettum fasteignum þar sem ófullnægður veðhafi fær eigninni úthlutað.

Til að um eðlileg viðskipti verði að ræða með fyrirtæki þarf kostgæfnisathugun ( Due diligence) af hálfu kaupanda. Um slíkt getur ekki verið að ræða við uppboð. Þaðan af síður getur seljandi kynnt sér greiðslugetu kaupanda þegar eign er slegin.

Þingsályktunartillaga þessi byggist á ofurtrú hugtakið markað og sérstaklega á tilvist fullkomins markaðar, þar sem kaupandi og seljandi hafa allar upplýsingar. Um slíkt er ekki að ræða þegar um fyrirtæki er hið selda andlag.

Sala fullnustueigna er og verður vandamál, sem verður aldrei auðleyst. Til að eyða tortryggni er sú ein leið fær að upplýsa að lokinni sölu um efni samninga, eftir því sem aðstæður leyfa.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri  
Samtök fjárfesta, GSM 895 6280